



Fjölbrautaskóli Suðurlands

Kennari áfangans: E Arna Árnadóttir

HÁRG2GB02

Hárgreiðsla og blástur 2

Kennsluáætlun – vorönn 2023

earnaarna@fsu.is

**Áfangalýsing:** Nemandinn þekkir nú grunnaðferðir á bak við mótun hárs með hverskonar tækjum og tólum. Unnið er áfram með þjálfun á rúlluísetningu og úrgreiðslu auk klípu- og blautbylgja í fleiri útfærslum s.s. bylgjur með hliðarskiptingu og beint aftur. Blástur er þjálfaður í dömur og herra, unnið er með ólík form og hárlengdir. Sýndar eru fléttur, snúningar og gerð hnúta í síðu hári og það útfært og æft. Áfram er unnið með notkun og gerð verklýsinga. Notast er við æfingahöfuð við verklega þjálfun.

**Markmið áfangans:**

**Þekking:** Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- þemur mismunandi formum á ísetningum og greiðslum, svo sem beint aftur, stjörnu- og múrsteinaupprúllum.
- viðeigandi hársnyrtiefnum og áhöldum við ísetningu og greiðslu.
- gerð og notkun verklýsinga fyrir hárgreiðslu.
- mismunandi formum á bylgjugreiðslum.
- notkun bylgjugreiðu og klípa.

**Leikni:** Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- skipta hárinu upp í fyrirfram ákveðnar brautir.
- setja ýmsar stærðir af rúllum í misjafna sídd af hári.
- túbera og greiða úr mismunandi upprúllum á æfingahöfðum.
- greiða fjórar blautbylgjur upp frá einni ásamt þurrkun og úrgreiðslu.
- gera klípuupprúll á æfingahöfði þannig að út komi fjórar bylgjur ásamt þurrkun og úrgreiðslu.

**Hæfni :** Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- skipta, rúlla upp og forma hár með hliðsjón af útkomu, uppbyggingu og áferð greiðslu.
- notast við verklýsingar við gerð greiðslna.

**Námsmat** Símat